

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um stefnu um vistvæn atvinnutæki á svæðum í umsjá stofnana sem heyra undir ráðuneytið.

Frá Kolbeini Óttarssyni Proppé.

1. Hefur verið mörkuð stefna um að einungis vistvæn atvinnutæki, svo sem fólksflutninga- bifreiðar, þjónustubifreiðar o.fl., fái að koma á svæði í umsjá stofnana sem heyra undir ráðuneytið með einhverjum hætti, t.d. á opinberum ferðamannastöðum?
2. Ef ekki, er áformað að setja slíka stefnu og kynni þá að koma til skoðunar að tilgreina í henni að eftir tiltekinn árafjölda verði óheimilt að aka atvinnutækjum sem knúin eru jarðfnaeldsneyti inn á umrædd svæði?
3. Hvaða fjárfestingar þyrfti að ráðast í við innviðauppbyggingu yrði slík stefna sett?

Skriflegt svar óskast.

